

REGLUGERÐ

6

9. jan.

um innlausn ógildra peningaseðla Landsbanka Íslands, samkvæmt 25. gr.
laga nr. 67 1947.

1. gr.

Eftir 9. jan. 1948 skal öllum innlausnarstofnunum óheimilt að láta endurgjald fyrir þá seðla Landsbanka Íslands, er innkallaðir hafa verið.

2. gr.

Nú kemur fram beiðni til innlausnarstofnunar um innlausn á ógildum peningaseðlum, og er henni þá heimilt að veita seðlunum móttöku gegn kvittun fyrir móttöku ógildra seðla, enda fylgi þeim greinargerð frá eiganda um það, hvers vegna seðlarnir hafi eigi verið innleystir á réttum tíma.

Eigi síðar en næsta dag eftir móttöku hinna ógildu seðla, skal hlutaðeigandi innlausnarstofnun senda seðlana í ábyrgðarbréfi, eða á annan tryggilegan hátt, til Landsbankans í Reykjavík, ásamt greinargerð eiganda.

Eftir 15. febr. 1948 skal sérhverri innlausnarstofnun, annarri en Landsbanka Íslands, Reykjavík, óheimilt að taka á móti ógildum seðlum til nokkurrar fyrirgreiðslu.

3. gr.

Ógilda seðla, sem Landsbanki Íslands tekur við eftir 9. jan. 1948, skal bankinn taka til sérstakrar geymslu ásamt greinargerðum frá eigendum þeirra.

4. gr.

Fjármálaráðherra skal skipa tveggja manna nefnd, annan tilnefndan af Landsbanka Íslands en hinn af framtalsnefnd, sem skulu hafa endanlegt úrskurðarvald um það, hvort eða að hve miklu leyti skuli innleysa ógilda seðla, sem borizt hafa Landsbanka Íslands samkv. framansögðu. Rísi ágreiningur milli nefndarmanna, sker fjármálaráðherra úr.

Fjármálaráðherra ákveður, hvenær nefndin skuli hafa lokið störfum.

5. gr.

Nefndin skal ekki heimila innlausn seðla, nema eigandi þeirra færi, að hennar dómi, fullnægjandi sannanir fyrir því, að vegna óviðráðanlegra orsaka hafi honum ekki verið mögulegt að fá seðlum skipt á hinum lögboðnu innlausnardögum.

Fjármálaráðuneytið, 9. janúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.